



Sjómannadagshelgin í Grundarfirði 2024

Fimmtudagurinn 30. maí

18:00 – Leirdúfuskotfimi. Einstaklings- og liðakeppni þar sem sjómenn etja kappi við landkrabba. Allir velkomnir. Skráning á skotgrund.mot@gmail.com

Föstudagurinn 31. maí

9:30 – Fiskasýning á Leikskólanum Sólvöllum. Sjómenn heimsækja skólann, bjóða upp á harðfisk og skora svo að venju á krakkana í reipitogskeppni.

13:00 – Sundlaugarfjör fyrir krakka 10 ára og eldri. Fatasund, koddaslagur, kararóður og fleira.

16:30 – Íþróttarálfurinn heilsar upp á yngri kynslóðina í Íþróttahúsinu. Í boði UMFG.

17:30 – Sjómannadagsgolfmót á Bárarvelli í boði G.RUN. Ræst verður út af öllum teigum kl. 18:00. Spilað verður fjögurra manna Texas. Skráning á www.golf.is eða á annamaria@grun.is. Skráningu lýkur kl. 14:00 sama dag.

Laugardagurinn 1. júní

11:00 – Krakkasprell í Vélsmiðju Grundarfjarðar í Ártúni. Hoppukastalar og glaðningur fyrir börnin.

12:00 – Hátíðarsigling um fjörðinn að Melrakkaey. Hringur SH og Runólfur SH sigla.

13:00 – Hátíðarhöld á hafnarsvæðinu hefjast:

- Boðið verður upp á hressingu í boði Kjörbúðarinnar og Kaffi 59.
- Keppnisgreinar og þrautabrautir við hafnarvogina. Hvert lið er skipað fjórum einstaklingum, en liðið þarf ekki vera skipað vönum sjómönnum.
- Reipitogskeppni um Pétursbikarinn.
- Skráning hjá Hlyni í síma 694-8532 og á staðnum.

16:00 – Blakleikur í Íþróttahúsinu. Sjómenn etja kappi við konur sínar, mæður, systur og dætur í æsispennandi leik. Í hálfleik verður verðlaunaafhending frá liðakeppninni við höfnina.

23:00 – 02:00 – Dansleikur á Kaffi 59 með hljómsveitinni BLAND
Frítt inn fyrir þá sem bera merki sjómannadagsins.

Sunnudagurinn 2. júní

8:00 – Fánar dregnir að húni.

12:00 – Leikhópurinn Lotta sýnir Bangsímon á leikskólalóðinni. Frítt inn fyrir alla þá sem bera merki sjómannadagsins. Ef veður er vont verður sýningin í Íþróttahúsinu.

14:00 – Sjómannaguðsþjónusta í Grundarfjarðarkirkju. Sr. Laufey Brá Jónsdóttir messar og karlakórinn Kári syngur.

Bræðurnir Ingi Þór og Páll Guðmundssynir, fyrrum sjómenn verða heiðraðir fyrir störf sín og sæmdir heiðursmerki sjómannadagsráðs Grundarfjarðar. Að guðsþjónustu lokinni verður stutt athöfn við styttuna Sýn þar sem blómsveigur verður lagður til minningar um látna sjómenn.

Kökubasar Kvenfélagsins Gleym mér ei verður í Samkomuhúsinu strax að lokinni guðsþjónustu.

Merki sjómannadagsins verða til sölu við alla viðburði í dagskránni og kostar 1.000 kr.

